

10. SKAGAFJARÐARSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir: 10
- a) Annar þeirra leggur á stað frá *Víðimýri* daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um *Sauðárkrók*, *Lón*, *Hofsós* og *Haganes* til *Siglufjarðar* og snýr aptur sömu leið eftir sólarhringsdvöl þar.
 - b) Hinn pósturinn fer frá *Víðimýri* eftir komu norðanpóstsins þangað frá *Reykjavík* að *Lýtingsstöðum* í *Lýtingsstaðahreppi* og snýr aptur eftir að minnsta kosti 6 tíma dvöl, sömu leið, að *Víðimýri*.
11. EYJAFJARÐARSÝSLUPÓSTURINN fer frá *Akureyri* daginn eftir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, að *Tjörn* í *Svarfaðardal* og snýr aptur eftir sólarhringsdvöl þar.
11. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
- a) Fer annar frá *Akureyri* þegar eftir komu Reykjavíkurbóstsins þangað, austan *Eyja-fjarðar* út í *Höfðahverfi* að *Grýtubakka* og snýr aptur þaðan eftir 6 tíma dvöl til *Akureyrar*.
 - b) Hinn pósturinn fer frá *Grenjaðarstað* undir eins eftir að *Seyðisfjarðarpósturinn* er kominn þangað frá *Akureyri*, fer um *Húsavík*, *Skinnastaði*, *Presthóla*, *Raufarhöfn*, *Svalbarð* í *Þistilfirði* og *Sauðanes* til *Vopnafjarðar*; snýr þaðan aptur sömu leið eftir sólarhringsdvöl; þó bíður hann *Múlasýslupósts*.
13. MÚLASÝSLUPÓSTARNIR eru þrír:
- a) Hinn fyrsti fer frá *Höfða* í *Vallahreppi* undir eins og aðalpóstarnir eru komnir þangað frá *Akureyri* og *Bjarnanesi*, um *Bót* og *Hrafnabjörg* (*Fossvelli*) til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þaðan eftir sólarhringsdvöl sömu leið að *Höfða*.
 - b) Annar fer frá *Höfða* að *Hjaltastað* í *Hjaltastaðapinghá* eftir komu aðalpóstanna að *Höfða* og snýr aptur sömu leið eftir 6 tíma dvöl á *Hjaltastað*.
 - c) Hinn þriðji fer frá *Eskifirði* þegar eftir komu póstsins þangað frá *Bjarnanesi*, um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í *Stöðvarfirði*, og snýr aptur sömu leið eftir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir *Reyðarfjörð* og *Fáskrúðsfjörð*, ef veður leyfir.
14. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Odda* að *Ljótastöðum* daginn eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að *Odda*. Þegar pósttaskan kemur frá *Vestmannaeyjum* að *Ljótastöðum*, skal henni komið svo snemma að *Odda*, að hún komist á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.
15. ARNESSÝSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði* svo fljótt sem unnt er, eftir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík.
- a) Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á *Skeiðum*.
 - b) annar að *Burfelli* í *Grímsnesi*.
og snúa báðir þessir póstar þegar aptur að *Hraungerði*.
 - c) Þriðji pósturinn fer ofan á *Eyrbakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eftir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 23. febr. 1891.
Landshöfðinginn yfir Íslandi,
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Ágrip af 2 brjefum landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um hlunnindi handa sparísjóðum. — Með brjefum þessum var sparísjóði Arnarness hrepps og sparísjóði, sem verið er að stofna á *Seyðisfirði*, veitt hinum fyrnefnda um 5 ár frá 1. marz 1891 að reikna, eður til febrúarloka 1896, og hinum síðarnefnda um 5 ár frá 1. júní 1891 að reikna eður til 31. maí 1896, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874, með venjulegum skilyrðum¹.

11
5. febr.

1) Sbr. meðal annars *Stjórnartíð*. 1890 B. bls. 201.